

*Bréf afhent fulltrúum Ríkisstjórnar Íslands með Neista-punktum*

Í framhaldi af Náttúrutónleikum í sumar hóf Björk Guðmundsdóttir rannsókn á grósku atvinnulífs á Íslandi og boðaði í kjölfarið til vinnufunda, í samvinnu við vefinn Nattura.info, Háskólann í Reykjavík og Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins. Á vinnufundum þann 12. og 19. október s.l., komu saman í opinni samræðu um hundrað sérfræðingar; fræðimenn, fjárfestar og iðnhönnuðir, fulltrúar atvinnuþróunarfélaga, fagsamtaka og þekkingarfélaga um land allt, ásamt þeim sem hafa unnið að hugmyndasköpun, fyrirtækjamyndun og annarri nýsköpunarstarfsemi á sviði sjálfbærni og fjölbreytileika. Á fundunum var þátttakendum skipað til átta borða; heilsuþorðs, hátækniþorðs, menntaþorðs, ferðaþorðs, hönnunarþorðs, matarþorðs, líftækniþorðs og orkuþorðs. Auðveldlega hefði mátt sitja við fleiri borð, svo sem menningar- og listaþorð, fjármálaþorð og stjórnmálaþorð og kemur vonandi að þeirri veislu innan tíðar.

Meðfylgjandi eru þær ályktanir sem dregnar hafa verið úr frjórri samræðu vinnufundanna og þeirri umræðu sem fór þar í gang og hefur síðan haldið áfram í ýmsum samræðu- og aðgerðahópum og einnig á virkum póstlista Neista sem telur 120 manns og óðum stækkar. Því enn má efla tengslanet þeirra sem hafa reynslu og þekkingu á kviku kerfisins og á ólíkum sviðum nýsköpunar.

Sú almenna ályktun sem má draga af þessari undirbúningsvinnu, er í fyrsta lagi hversu margir eru tilbúnir að leggja allt sitt af mörkum og miðla af þekkingu sinni og sýn til að stuðla að fjölbreytileika og sjálfbærri þróun á Íslandi. Nú þegar hefur átt sér stað mikil gerjun, bæði innan hvers þekkingarsviðs og á hverju landsvæði fyrir sig. En reynsla frumkvöðla, tilraunir og stefnumótanir hafa ekki nógsamlega náð að frjóvga frekari nýsköpunartilraunir. Þess vegna kemur nú upp sterk þörf til að deila reynslu um mögulegan framgang innan samfélags og kerfis; að opna og tengja þekkingar-, hugmynda- og gagnagrunna og gera þá aðgengilega. Því góðar hugmyndir þurfa hljómgrunn þeirra sem hlusta og taka við þeim og hlúa að þeim, svo af neista kveikni aðrir neistar.

Í öðru lagi má segja að almenn niðurstaða undirbúningsvinnunnar sé sú að mikilvægt sé að líta á Ísland sem eina heild, með tilliti til sjálfbærrar uppbyggingar í efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu ljósi. Til þess að virkja staðbundna möguleika og sérkenni, virðist sem atvinnusvæði á Íslandi verði að byggjast upp í fjölbreyttum litlum klösum, þar sem treyst eru innri tengsl ólíkra sviða; að heilsutengd starfsemi tengist uppbyggingu á þekkingar- og fjármálasviðum, að hönnunarsvið tengist matvæla- og ferðamálauppbyggingu o.s.frv. Hvert atvinnusvæði, hver klasamyndun þarfnast svo virkrar tengingar við uppbyggingu annarra atvinnusvæða. Jafnframt virðist sárlega vanta aukin tengsl innlendrar kerfisuppbyggingar við erlenda markaði, þekkingar- og fagsvið.

Í þriðja lagi var almenn niðurstaða vinnufundanna sú að rannsaka verði, af mikilli þekkingu, framsýni og ábyrgð, öll áhrif, þar með talin svokölluð ruðningsáhrif, sem einhliða uppbygging stóriðju hefur á atvinnu- og menningarlíf Íslands í framtíðinni.

Rannsóknar- og undirbúningsvinnan heldur áfram, í óbilandi trú á möguleikum Íslandsbyggðar, með þolinmæði og þrautseigju. Stefnumótunar- og uppbyggingarstarf á erfiðum tímum verður ekki unnið eingöngu af stjórnmálamönnum heldur í virkum tengslum við staðbundið reynsluafll og faglega þekkingu hvaðanæva úr samfélaginu. Breytingar á afstöðu og reglugerðarkerfum krefst síðan gríðarlegrar eftirfylgni inn í komandi tíma.

Með fullri virðingu, færum við fulltrúum Ríkisstjórnar Íslands þessa útgangspunkta, sem upptakt að samræðu, í von um hljómgrunn.

